



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

ENSK1HA05

Hagnýt enska

Kennarar:	Sigurbjörn Már Valdimarsson (SMV) Sigurbjörn@fsu.is
	Karl Sigtryggsson (KAS) karl.sigtryggsson@fsu.is
	Kristjana Hrund Bárðardóttir (KHB) Kristjanahrund@fsu.is

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta, æfist í markvissri hlustun og tileinki sér aðalatriði í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin D, C eða C+ úr grunnskóla.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

Námsefni:

Short stories - Smásögur aðgengilegar í Innu

The Wave – Morton Rhue (Todd Strasser) – Penguin 1981

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá vinnuáætlun undir efni á Innu.

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma.
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað.
- Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefni sín.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Ekki fæst mæting í tíma þegar mætt er 15 mínútum eftir upphaf kennslustundar eða seinna.
- Kennara er heimilt að gefa nemanda **F** fyrir óþarfa fjarvist úr tíma.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.
- Þar sem stór hluti námsefnisins er á Innu þá er mælt til að nemendur mæti með tölvu í tímenn. Hægt er að fá lánaða tölvu á bókasafninu.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Smásögur	Próf 80% Verkefni 20%	20%
Málfræði	Ýmis verkefni og próf	15%
The Wave	Vinnubók 40% Ritgerð 60%	35%
Ýmis verkefni	Ýmis færniþáttaverkefni frá kennara	10%
Munnleg próf	Tvö munnleg próf kynnt af kennara	20%

Áætlun: Athugið að námsþættir skarast.

Námsþáttur	Tímabil
Smásögur	26. ágúst – 20. september
Málfræði	20. ágúst – 25. september
The Wave	2. október – 3. nóvember
Munnleg próf	Auglýst síðar

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 16. Ágúst 2024

Karl Sigtryggsson, Kristjana Hrund Bárðardóttir og Sigurbjörn Már Valdimarsson